

**Kjarasamningur
milli**
Norðuráls Grundartanga ehf. annars vegar
og
Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga, Stéttarfélags
Vesturlands, Verkalýðsfélags Akraness og VR hins vegar.

1. gr.

Samningstími

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2029 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Launaákvæði

Grunnlaun kjarasamnings verða sem hér segir:

Grunnlaun frá 1. janúar 2025:

Launaflokkur	Grunnlaun
112/212	465.982 kr
113/213	490.793 kr
114	525.089 kr
115/215	562.003 kr
116/216	605.777 kr
117/217	629.983 kr

Orlofs- og desemberuppbót hækka í samræmi við hlutfallshækkun launa.

Orlofsuppbót 2025 verður 308.973 kr
Desemberuppbót 2025 verður 308.973 kr

Grunnlaun kjarasamnings hækka 1. janúar 2026 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað frá september 2024 til september 2025. Uppbætur ársins 2026 hækka með sama hætti og grunnlaun.

Grunnlaun kjarasamnings hækka 1. janúar 2027 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2025 til desember 2026. Uppbætur ársins 2027 hækka með sama hætti og grunnlaun.

Grunnlaun kjarasamnings hækka 1. janúar 2028 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2026 til desember 2027. Uppbætur ársins 2028 hækka með sama hætti og grunnlaun.

Grunnlaun kjarasamnings hækka 1. janúar 2029 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2027 til desember 2028. Uppbætur ársins 2029 hækka með sama hætti og grunnlaun.

*# Skulur ER
Skulur 88/11*

Orlof

Orlofsávinnsla starfshópa verður samræmd frá og með 1. maí 2025 (orlof til töku eftir 1. maí 2026) og verður orlof dagvinnufólks sem hér segir:

Byrjun: 25 dagar (5 vikur)

Eftir 3 ár: 28 dagar

Eftir 5 ár: 30 dagar (6 vikur)

Orlofsávinnsla skal fylgja þeim starfsaldri sem starfsmaður er metinn inn á.

Allt fastráðið starfsfólk á rétt á einum auka frídegi/vakt eftir 1 ár í starfi, útréttadegi, á ári.

Fastráðið starfsfólk á 8 klst. vöktum í 5 hópa kerfi fær einn útréttadag að auki á ári eftir 1 ár í starfi.

Útfærsla á útréttadögum er í samráði við næsta yfirmann. Ekki er hægt að safna upp útréttadögum og fyrnast þeir ef ekki nýttir innan almanaksársins. Þessir frídagar teljast ekki inn í orlofsávinnslu.

10. apríl 2025

F.h. hlutaðeigandi verkalyðsfélaga

Vinjanum Birgvin
Halla Hall
Halla Gunnarsdóttir
Jóhannes Egger
Daniel Magnússon
Frederik Rehmeyer
Gunn Ríður
Snæðis Söndur
Klaus Jónasson

F.h. Norðuráls Grundartanga ehf.

Hannur Áslaug
Siglín Hulgadóttir

Yfirlýsing vegna orlofstöku vaktavinnufólks

Norðurál mun koma til móts við óskir um aukinn sveigjanleika til að taka umsamið orlof að sumri og eftir atvikum að vetri. Samfellt sumarorlof verði áfram miðað við ca. 4 vikur og 18 vaktir á þrískiptum vöktum en starfsfólk geti, þegar sumarorlof starfsfólks er skipulagt, óskað eftir því að taka allt að helming vetrarorlofs að sumri.

Yfirlýsing vegna fjölskyldustefnu Norðuráls

Norðurál mun á samningatímanum eiga samtal við trúnaðarráð varðandi hvernig hægt sé að gera Norðurál að eftirsóknarverðari vinnustað. Meðal annars hvernig hægt er að koma til móts við starfsfólk í fæðingarorlofi, til að auðvelda foreldrum að fara í fæðingarorlof og snúa aftur til vinnu. Því samtali sem átt hefur sér stað um velferð á vinnustaðnum verður haldið áfram. Fyrsti fundur vegna þessa verði haldinn á árinu 2025.

Minnisblað – vinna í föstudagsfríum

Undanfarin ár hefur verið stefnt að styttigu vinnuvikunnar hjá Norðuráli sem og hjá öðrum atvinnurekendum. Í kjarasamningi Norðuráls sem gildir frá 1. janúar 2020 er fjallað um tilhugun vinnutíma og styttigu hans í 2. kafla og kemur fram í grein 2.01.1 að dagvinnutími sé 36 klukkustundir á viku og í grein 2.01.2 að annan hvorn föstudag séu starfsmenn að jafnaði í fríi.

Undanfarin ár tíðkaðist það að starfsmönnum bauðst að vinna þessa föstudaga á yfirvinnukaupi og hefur það talsvert verið nýtt af iðnaðarmönnum. Fyrirkomulagið var á þá leið að iðnaðarmenn tilkynntu með 10 daga fyrirvara hvort þeir myndu mæta eða ekki á frídeginum sínum og var samsvarandi manntími færður inn í plón fyrir komandi viku og fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni skipulögð.

Árin 2020 – 2023 var að jafnaði greitt fyrir 103 yfirvinnutíma hvern föstudag sem jafngildir rúnum 13 manndögum.

Frá febrúar 2024 var fyrirkomulagi breytt af hálfu Norðuráls þannig að fyrirfram skráningu var hætt fyrir þessa vinnu og þar með ekki skipulögð fyrirbyggjandi viðhaldsvinna á frídögum. Áfram hefur þó verið þörf á yfirvinnu til þess að mæta ófyrirséðum verkum (og eins fyrirbyggjandi verkum sem hafa tafist vegna ófyrirséðra verka). Ráðið hefur verið í þá yfirvinnu á föstudögum, eins og aðra yfirvinnu með stytti fyrirvara en áður tíðkaðist, gjarnan daginn áður. Síðastliðið ár hefur reyndin verið að greitt hefur verið fyrir um 63 tíma að jafnaði fyrir vinnu í föstudagsfríum eða sem samsvarar rúnum 8 manndögum.

Trúnaðarmenn hafa lýst óánægju starfsmanna með þessa breytingu og kalla eftir að farið sé til baka í eldra kerfi þar sem meiri fyrirsjánleiki var til staðar fyrir starfsmenn.

Eins og skýrt kemur fram í 1. kafla kjarasamningsins er gerð og skipulag yfirvinnu eingöngu á hendi Norðuráls. Frá Norðuráli séð er því eðlilegt að yfirvinna sé í takt við þarfir verksmiðjunnar hverju sinni og því erfitt að fara alveg til baka í eldra kerfi.

Til þess að koma til móts við starfsmenn er Norðurál tilbúið til að útfæra ákveðinn aðlögunartíma þannig að boðin sé vinna í föstudagsfríi fyrir a.m.k. 8 manns hvern föstudag út árið 2026. Fyrir 2027 er miðað við að 6 manns geti gengið að því vísu að vinna hvern föstudag. Eftir sem áður gæti fleiri aðilum verið boðin vinna sé þörf á því áfram. Starfsmenn geti jafnframt skráð sig í vinnu á föstudagsfrídegi með 10 daga fyrirvara á þessu tímabili, en ef ekki er pláss fyrir fleiri en fyrrgreindan fjölda starfsmanna hvern dag gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær.


Frá og með 2028 verður ráðið í yfirvinnu á föstudögum eins og aðra yfirvinnu.

10. apríl 2025

F.h. hlutaðeigandi iðnaðarmanna


Daniel Magnússon
Fransz Pöhl

F.h. Norðuráls Grundartanga Ehf.


Sigurður Þórðarson

Minnisblað – vinna í föstudagsfríum

Undanfarin ár hefur verið stefnt að styttigu vinnuvikunnar hjá Norðuráli sem og hjá öðrum atvinnurekendum. Í kjarasamningi Norðuráls sem gildir frá 1. janúar 2020 er fjallað um tilhugun vinnutíma og styttigu hans í 2. kafla og kemur fram í grein 2.01.1 að dagvinnutími sé 36 klukkustundir á viku og í grein 2.01.2 að annan hvorn föstudag séu starfsmenn að jafnaði í fríi.

Undanfarin ár tíðkaðist það að starfsmönnum bauðst að vinna þessa föstudaga á yfirvinnukaupi og hefur það talsvert verið nýtt af iðnaðarmönnum. Fyrirkomulagið var á þá leið að iðnaðarmenn tilkynntu með 10 daga fyrirvara hvort þeir myndu mæta eða ekki á frídeginum sínum og var samsvarandi manntími færður inn í plönn fyrir komandi viku og fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni skipulögð.

Árin 2020 – 2023 var að jafnaði greitt fyrir 103 yfirvinnutíma hvern föstudag sem jafngildir rúmum 13 manndögum.

Frá febrúar 2024 var fyrirkomulagi breytt af hálfu Norðuráls þannig að fyrirfram skráningu var hætt fyrir þessa vinnu og þar með ekki skipulögð fyrirbyggjandi viðhaldsvinna á frídögum. Áfram hefur þó verið þörf á yfirvinnu til þess að mæta ófyriðum verkum (og eins fyrirbyggjandi verkum sem hafa tafist vegna ófyriðra verka). Ráðið hefur verið í þá yfirvinnu á föstudögum, eins og aðra yfirvinnu með styttri fyrirvara en áður tíðkaðist, gjarnan daginn áður. Síðastliðið ár hefur reyndin verið að greitt hefur verið fyrir um 63 tíma að jafnaði fyrir vinnu í föstudagsfríum eða sem samsvarar rúmum 8 manndögum.

Trúnaðarmenn hafa lýst óánægju starfsmanna með þessa breytingu og kalla eftir að farið sé til baka í eldra kerfi þar sem meiri fyrirsjánleiki var til staðar fyrir starfsmenn.

Eins og skýrt kemur fram í 1. kafla kjarasamningsins er gerð og skipulag yfirvinnu eingöngu á hendi Norðuráls. Frá Norðuráli séð er því eðlilegt að yfirvinna sé í takt við þarfir verksmiðjunnar hverju sinni og því erfitt að fara alveg til baka í eldra kerfi.

Til þess að koma til móts við starfsmenn er Norðurál tilbúið til að útfæra ákveðinn aðlögunartíma þannig að boðin sé vinna í föstudagsfríi fyrir a.m.k. 8 manns hvern föstudag út árið 2026. Fyrir 2027 er miðað við að 6 manns geti gengið að því vísu að vinna hvern föstudag. Eftir sem áður gæti fleiri aðilum verið boðin vinna sé þörf á því áfram. Starfsmenn geti jafnframt skráð sig í vinnu á föstudagsfrídegi með 10 daga fyrirvara á þessu tímabili, en ef ekki er pláss fyrir fleiri en fyrrgreindan fjölda starfsmanna hvern dag gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær.


Frá og með 2028 verður ráðið í yfirvinnu á föstudögum eins og aðra yfirvinnu.

10. apríl 2025

F.h. hlutaðeigandi iðnaðarmanna


David Magnússon
Rector

F.h. Norðuráls Grundartanga Ehf.


Sigrún Þórhildarsdóttir